

# Það sem þú þarft að vita sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn

Inngangur

Grunnnámskeið fyrir sveitarstjórnarmenn

SSH 2018





Samband íslenskra sveitarfélaga

# Kynning á stjórnanda og leiðbeinendum á námskeiði í Reykajvík, 22. nóvember 2018

- Svanfríður Jónasdóttir, stjórnandi námskeiðsins, ráðgjafi og fyrrverandi bæjarstjóri.
- Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

# Hvað verður fjallað um á námskeiðinu

- Hlutverkin
- Umhverfið
- Stjórntækin
- Leikreglurnar
- Samskiptin

# Markmið

Að þátttakendur geri sér betur grein fyrir:

- Hvað felst í því að vera í sveitarstjórn
  - Til hvers er ætlast af þeim og hvaða ábyrgð hvílir á þeim?
  - Hvaða svigrúm hafa þeir til að móta hlutverk sitt?
  - Hvernig er hægt að hafa áhrif sem sveitarstjórnarmaður?
  - Hvaða réttindi hafa þeir samkvæmt lögum og hvaða skyldur?
  - Hvert er starfsumhverfi þeirra?
- Hvernig fer vinnan fram í sveitarstjórn, á fundum og utan þeirra og hvernig er hægt að ná betri árangri og gera starfið áhugaverðara?

# Hverjar eru væntingar þínar?




Út frá þekkingu og reynslu– hverjar eru þarfir þínar og væntingar til námskeiðsins?



# Til hvers er ég kjörinn í sveitarstjórn?

## Um hlutverk sveitarstjórnarmanna og möguleika þeirra til að móta það

Svanfríður Jónasdóttir





# Grundvallarverkefni sveitarstjórnarmanna

- Móta markmið og stefnu fyrir starfsemi og rekstur sveitarfélagsins og framþróun þess og fylgja þeim eftir
- Forgangsraða ráðstöfun fjármuna og mannafla sveitarfélagsins
- Taka á álitaefnum sem koma upp og varða sveitarfélagið
- Hafa samráð og skipuleggja ákvörðunarferla, þ.á. m. þátttöku íbúa í ákvörðunartöku

Til þess að grundvallarverkefnin verði innt af hendi þarf að taka pólitíska ákvörðun!

Til þess að taka pólitíska ákvörðun þurfa þrjár forsendur að vera fyrir hendi

- Þekking
- Skoðanir
- Hugrekki til að velja á milli valkosta

# Mikilvægir þættir til að skapa traust á milli íbúa og sveitarstjórnar

- Að upplýsa og hafa samráð við íbúa og leitast við taka ákvarðanir út frá þörfum þeirra og viðhorfum
- Að skýra vel út fyrir íbúum forsendur fyrir ákvörðunartöku ef viðhorf íbúa, eða einstakra hópa, stangast á við heildarhagsmuni sveitarfélagsins
- Að vera vakandi fyrir stjórnunarlegum úrlausnarefnum, setja þau á dagskrá sveitarstjórnar og vinna markvisst að því að leysa þau
- Að gæta jafnræðis gagnvart öllum og vinna ávallt á málefnalegum og faglegum grunni

# Til umhugsunar

Mikilvægi þess að:

taka meðvitaða ákvörðun um hvernig maður ætlar að koma fram og vinna sem sveitarstjórnarmaður

setja sér raunhæf og vel skilgreind markmið og áætlun um hvernig eigi að vinna að þeim

gera sér grein fyrir hvaða svigrúm er til athafna innan ramma laga og í starfsumhverfinu

# Til umhugsunar

Hvort er árangursríkara að standa fast á sínu eða leita málamiðlunar? Hvaða áhrif hefur hvor leiðin til lengri tíma litið?

Hvernig er hægt að sameina vinnu í sveitarstjórn og vinnu úti á vinnumarkaðinum og fjölskyldulíf?

# Hið tvískipta hlutverk sveitarstjórnarmanna

Stjórnunar- og eftirlitshlutverk

- *Stjórnvaldshlutverk*
- *Vinnuveitendahlutverk*
- *Stefnumótunarhlutverk*

Umboðshlutverk

- *Lýðræðislegt hlutverk*
- *Leiðtogahlutverk*

# Stjórnunar- og eftirlitshlutverk

Vegna þess að sveitarfélagið er:

- veitandi opinberrar þjónustu og vinnuveitandi
- opinbert stjórnvald sem ber ábyrgð á lagaframkvæmd
- eigandi fasteigna, fyrirtækja og fjármagns
- ber ábyrgð á þróun og uppbyggingu í sveitarfélaginu

# Mikilvægi stjórnunarhlutverksins er að aukast

- Auknar kröfur íbúa, nýjar kröfur ríkisins og í EES löggjöf

- Örar breytingar í umhverfi sveitarfélaga = markviss stefnumótun og stjórnun æ mikilvægari

# Vinnuveitendahlutverk
## sveitarstjórnarmanna

- Vinnuveitendahlutverkið er eitt veigamesta viðfangsefni hverrar sveitarstjórnar
- Sveitarstjórn ber endanlega ábyrgð á :
    - framkvæmd kjarasamninga
    - að lagaskyldur sveitarfélagsins sem vinnu-veitanda séu uppfylltar
    - mótun og framkvæmd mannauðs- og starfsmannastefnu sveitarfélagsins

# Umboðshlutverkið

- Snýst um samband sveitarstjórnarmannsins við kjósendur sem hafa væntingar til hans
- Hvernig er hægt að rækja umboðshlutverkið?
- Erfiðar aðstæður sem geta komið upp
- Hvað þarf að forðast?
- Kostir og gallar nálægðarinnar

# Til umhugsunar

- Hvernig er hægt að ná jafnvægi milli stjórnunar- og umboðshlutverksins?

- Hvernig geta sveitarstjórnarmenn sinnt vinnuveitendahlutverki sínu?

# Í hlutverki sveitarstjórnarmannsins felst:

- Svigrúm til að velja og móta hvernig hann vinnur og kemur fram
- Hann er kjörinn til að vera fulltrúi fyrir mismunandi hagsmuni og skoðanir en ber jafnframt að taka tillit til heildarhagsmuna
- Pólitísk, siðferðisleg  og lagaleg ábyrgð

# Ýmsar tegundir sveitarstjórnarmanna?

- Stjórnarmaður í stjórn fyrirtækis og eftirlitsaðili
- Hugmyndasmiður og stefnumótandi
- Umboðsmaður einstakra íbúa í einstökum málum
- Vinnuveitandi
- Sérfræðingur
- Hverfissveitarstjórnarmaður
- Fulltrúi hagsmunasamtaka

# Til umhugsunar

- Hin ýmsu hlutverk sveitarstjórnarmanna og hvað þau hafa í för með sér
- Fyrir hvern eru sveitarstjórnarmenn fulltrúar?
  - Kjósendur
  - Flokkinn
  - Þann hluta sveitarfélagsins sem þeir koma frá
  - Hagsmunasamtök
  - Sjálfan sig (t.d. Vegna starfsstéttar eða sérfræðiþekkingar sinnar)
  - Allt sveitarfélagið



# Stjórnkerfi sveitarfélaga og réttindi, skyldur og ábyrgð sveitarstjórnar-manna

Vígdís Ósk Häsler Sveinsdóttir





# Stjórnkerfi sveitarfélaga

- Yfirlit þessa hluta:

1. Stjórnkerfi sveitarfélaga - tvær stoðir
2. Hlutverk og valdsvið sveitarstjórnar
3. Réttindi, skyldur og ábyrgð sveitarstjórnarmanna
4. Jafnvægi milli sveigjanleika og reglufestu - framsal valds
5. Afgreiðslur mála á fundum

# Gagnlegar heimasíður

- Samband íslenskra sveitarfélaga - https://www.samband.is/
- Lagasafn á vef Alþingis – www.althingi.is
- Samráðsgátt stjórnarráðsins - https://samradsgatt.island.is/
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið - https://www.stjornarradid.is/raduneyti/samgongu-og-sveitarstjornarraduneytid/
- Reglugerðarsafn – www.reglugerd.is
- Stjórnartíðindi - https://www.stjornartidindi.is/
- Heimasíður dómstólanna – www.domstolar.is
- Umboðsmaður Alþingis – www.umbodsmadur.is
- Úrskurðarnefndir og úrskurðir - https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=6d49aec8-52a6-11e8-942b-005056bc530c

# Réttarheimildir

- 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944
- Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011
- Samþykktir sveitarfélaga
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Upplýsingalög nr. 140/2012
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018
- Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998
- Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995
- Ýmis sérlög – þekkja grunnsjónarmið sem gilda um hvert málefni

# Meginreglur sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

- Fjölskipað stjórnvald - sveitarstjórn - fer með æðsta vald
- Fulltrúalýðræði
- Stjórnkerfi í tveimur stoðum:
  - Nefndir og ráð
  - Framkvæmdastjóri og starfsmenn sem undir hann heyra
- Sveigjanleiki - möguleiki á valdframsali
- Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga, sbr. 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944
  - Tilvist sveitarfélaga
  - Sjálfstæði gagnvart öðrum stjórnvöldum

# Meginreglur frh. – X. kafli Samráð við íbúa

- X. kafli svstjl. fjallar um samráð sveitarstjórnar við íbúa sveitarfélaganna
- Kaflinn lögbindur ekki með ítarlegum hætti hvernig einstaka sveitarstjórnir útfæra samráð við íbúanna – miklu fremur leiðbeinandi reglur um leiðir til samráðs.
- Íbúakosningar skv. 108. gr. svstjl. eru einungis ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði annað.
- Almennrar atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um:
  - Fjárhagsáætlun eða viðauka
  - Tekjustofna eða álagningu annarra lögheimilla gjalda
  - Ráðningu í störf, laun eða önnur starfskjör
- Undirskriftarsafnanir skulu fara eftir reglugerð nr. 155/2013

# Sveitarstjórnin - hlutverk og valdsvið

- Sveitarstjórn er stjórnsýslunefnd
  - Ber ríka ábyrgð þótt vald hafi verið framselt til nefnda/starfsmanna
- Hefur ákvörðunarvald um **nýtingu tekjustofna**, lántökur og ráðstöfun eigna og um **framkvæmd verkefna** sveitarfélagsins
- Sér um að lögbundnar skyldur séu ræktar og eftirlit haft með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins
- Pólitískur vettvangur
  - Er ályktunarbær um málefni sem varða sveitarfélagið
- Takmörkun í 7. gr.:
  - Verkefni verður að fullnægja því viðmiði að teljast sameiginlegt velferðarmál íbúa sveitarfélagsins
  - Ef verkefni er falið öðrum með lögum fellur það utan hlutverks sveitarstjórnar

# Hvað ræður því að sveitarfélög fá verkefni?

- Sjónarmið um staðbundna stjórnsýslu?
- Velferð og hagsmunir íbúanna?
- Krafa embættismanna í sveitarfélögunum um öflugri einingar?
- Krafa sveitarstjórnarmanna um aukin verkefni og ábyrgð?
- Byggðapólitík?
- Krafa um fjárhagslegt hagræði?
- Flótti miðstjórnarinnar frá ábyrgð?

# Flokkun verkefna sveitarfélaga

- Ákveðin þrískipting hefur tekið á sig mynd:
  - Skyldubundin þjónusta
  - Önnur lögákveðin þjónusta
  - Valkvæð verkefni
- Hvernig eru verkefnin flokkuð?
  - grunnskóli og leikskóli
  - almenningssamgöngur
  - lengd viðvera grunnskólabarna
  - íþróttamannvirki
  - menningarmálefni
  - styrkir og samstarf við félagasamtök



# Svigrúm sveitarfélaga til athafna

- Í 7. gr. er tilvísunin: „… sem varðar íbúa þeirra“
  - Mat sveitarstjórnar
  - Afstætt í tíma og rúmi (bæjarútgerðir, mjólkurbú, ljósleiðari)
  - Almennar lagalegar takmarkanir, t.d. bann við því að niðurgreiða þjónustu á samkeppnismarkaði
  - Staðarleg mörk
  - Sameiginlegir hagsmunir íbúa
  - Heimild í fjárhagsáætlun
- Úrskurður félagsmálaráðuneytis frá 4. apríl 2001: Heimildir sveitarfélaga til þátttöku í rekstri fyrirtækja í samkeppnisrekstri
- Skynsamlegt er að setja almennar reglur um stuðning við atvinnustarfsemi

# Ábyrgð fylgja skyldur …

- Í IV. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfólks
- Sveitarstjórn er fjölskipað stjórnvald → Ábyrgð kjörinna fulltrúa
- Samspil ábyrgðar og athafnaskyldu:
  - Mætingarskylda skv. 22. gr. svstjl. – hvað eru lögmæt forföll? Sjá *ÁFS 16. ágúst 2000*
  - Almennar starfsskyldur – þátttaka í öllum fundum í nefndum og ráðum, nema lögmæt forföll hamli, 27. gr.
  - Gegna störfum af alúð og samviskusemi, 2. mgr. 24. gr.
  - Vekja athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu, 20. gr.
  - Þagnarskylda, 28. gr.
  - Ber að virða siðareglur, 29. gr.
  - Lögmæt forföll eða lausn frá störfum (missir kjörgengi), 30. gr.
    - Boðun varamanna, 31. gr.

# … en líka ýmis réttindi

- Tillögurétttur og málfrelsi, 26. gr.
- Réttur til að bera upp mál, 1. mgr. 27. gr.
- Réttur til að greiða atkvæði
- Réttur til að láta bóka athugasemdir
- Aðgangur að gögnum sveitarfélagsins, 28. gr.
  - Sveitarstjórn skal í samþykkt mæla nánar fyrir um rétt sveitarstjórnarmanna til afhendingu gagna og aðgang að skrifstofum, 3. mgr. 28. gr.
- Réttur til þóknunar, orlofs o.fl., 32. og 33. gr.
- Tjáningarfrelsi utan funda - sætir það öðrum takmörkunum
  en vegna þagnarskyldu?
  - Dómur Hæstaréttar í máli nr. 65/2011 (Frjáls miðlun ehf.)

# Siðareglur

- Ábyrgð skv. siðareglum er ólík ábyrgð á grundvelli lagareglna
- Tilgangur siðareglna er að veita leiðsögn um hvernig bregðast skuli við þegar upp koma siðferðileg álitaefni
  - Markmiðið er að auka traust á stjórnsýslu sveitarfélaga
- Með siðareglum er verið að skrá viðmið um góða breytni
  - Kynferðisleg áreitni er dæmi um hegðun sem hægt er að taka á í siðareglum, sbr. nýleg breyting á siðareglum Alþingis (#byltingin)
- Álit siðanefndar sambandsins beinast að því hvernig sé hægt að færa mál til betra horfs í framtíðinni en ekki að því að úrskurða hvort viðkomandi hafi brotið siðareglu
- Siðareglur þurfa tvær umræður og staðfestingu ráðuneytisins

# Hæfi – vanhæfi - 20. gr. svstjl.

- Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í svstjl.
- Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar, nema strangari regla sé sett í samþykkt um stjórn og fundarsköp.
- Þá verður starfsmaður ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

# Vanhæfi




Bláu reitirnir sýna vanhæfi í beinan legg og að fyrsta lið til hliðar, sbr. orðalag 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Gráu reitirnir sýna dæmi um vanhæfi að öðrum lið til hliðar sem veldur ekki vanhæfi skv. 1. mgr. 20. gr. en getur þó oft leitt til vanhæfis skv. 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

# Ekki alltaf svo einfalt – aðrar vanhæfisástæður

- Náin vinátta og óvinátta geta valdið vanhæfi
  - „Allir þekkja alla“ dugar ekki!
- „Hjónadjöflar“
- Gjafir
- Starfstengsl
- Eignarhald á fyrirtæki sem er aðili máls
- Félagsaðild – fyrirsvarsmaður
- Hvenær teljast sérstakir (einstaklegir) hagsmunir nægilega verulegir til þess að valda vanhæfi?

# Ákvörðun um hæfi/vanhæfi

- Sveitarstjórn tekur ákvörðun um hæfi sveitarstj.fólks
  - Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns
- Sveitarstjórnarmaður/nefndarmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.
- Sveitarstj.- og nefndarmenn sem einnig eru starfsmenn sveitarfélagsins sem hafa tekið þátt í undirbúning ákvörðunar eru <u>alltaf vanhæfir</u> þegar fjallað er um málið
- Sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls:
  - → má ekki taka þátt í meðferð þess
  - → eða hafa áhrif á það með öðrum hætti
  - → og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu
  - → Boðun varamanna fer skv. 31. gr. svstjl.

# Framkvæmdastjóri sveitarfélags

- Hlutverk afmarkað í 55. gr. svstjl.:
  - Framkvæmdastjórn sveitarfélags, ásamt byggðarráði
  - Æðsti yfirmaður starfsliðs
  - Prókúruhafi sveitarsjóðs
- Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst
- Hann sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og nefnda komist til framkvæmda
- **Fer með fyrirsvar fyrir sveitarfélagið út á við**
- Ef fyrirmæli frá nefnd og framkvæmdastjóra stangast á þá ber viðkomandi starfsmanni að hlýða framkvæmdastjóra nema fyrirmæli séu ólögmæt eða aðrar lögmætar ástæður eru til að hafna þeim

# Nefndakerfi

- Sveitarstjórn kýs í nefndir
  - Takmarkanir á kjörgengi, 43. gr. - starfsmenn sitji ekki í nefndum sem fjalla um stofnanir sem þeir starfa við
- Áheyrnarfulltrúi í fastanefndum, 50. gr.
  - Hafa málfrelsi og tillögurétt
  - Eiga ekki rétt til setu í nefnd þegar mál er varða réttarstöðu einstaklinga eru til afgreiðslu
  - Þurfa að fullnægja kjörgengisskilyrðum og gæta að þagnarskyldu
- Um nefndir gilda að mestu sambærilegar reglur og gilda um sveitarstjórnina sjálfa, t.d. um hæfi, boðun varamanna, rétt til upplýsinga um mál, o.s.frv.
- Sjá nánar leiðbeiningar á heimasíðu sambandsins

# Starfsmenn og nefndir

- Sviðsstjórar/millistjórnendur starfa með nefndum og annast gjarnan utanumhald, s.s. boðun funda og ritarahlutverk.
  - Meginreglan er að nefndir hafi stefnumótunar- og eftirlitshlutverk, í umboði sveitarstjórnar
  - Hafi nefndin fengið ákvörðunarvald → starfsmaður framfylgir ákvörðunum (t.d. skipulagsfulltrúi), 42. gr.
    - Varnagli í 3. mgr. 42. gr. ef ágreiningur er fyrirsjáanlegur
  - Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að ákvarðanir komist í framkvæmd en felur oft starfsmönnum nánari útfærslu
  - Einstakir sveitarstjórnarmenn/nefndamenn hafa <u>ekki boðvald</u> yfir starfsmönnum!
  - Málfrelsi og tillöguréttur starfsmanna nefnda

# Stjórnkerfi sveitarfélaga  - tvær stoðir




Nefndakerfið

Starfsmenn

# Byggðarráð

- Val sveitarstjórnar um hvort byggðarráð starfi
  - Áheyrnarréttur minni framboða, 50. gr.
- Hlutverk og valdsvið í 35. gr. svstjl.:
  - Framkvæmdastjórn
  - Fjármálastjórn
  - Umsjón með stjórnsýslu - samhæfingarhlutverk
  - Gerir tillögu að fjárhagsáætlun og ársreikningi
  - Önnur verkefni samkvæmt samþykktum - verkefni nefnda o.fl.
  - Annast hlutverk sveitarstjórnar í sumarleyfum
- Mikilvægt að skilgreina valdsvið byggðarráðs
  - Gagnvart sveitarstjórn, framkvæmdastjóra og öðrum nefndum

# Fastanefndir - valdsvið

- Fastanefndir starfa allt kjörtímabilið í málaflokkum
- Meginreglan er að þær gera tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu mála, 40. gr.
  - Nauðsyn á fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar, ef niðurstaða nefndar sem felur í sér tillögu til sveitarstjórnar, er kynnt aðilum
  - Engin þörf er á að leggja ákvörðun nefndar fyrir sveitarstjórn til staðfestingar ef hún hefur vald til fullnaðarákvörðunar
    - Ath. þó 3. mgr. 42. gr.
    - Algengt er að listi um slíkar ákvarðanir, t.d. útgáfu byggingarleyfa, sé lagður fyrir byggðarráð/bæjarstjórn til kynningar

# Valdframsal til nefnda og starfsmanna, 42. gr.

- Heimilt að fela nefnd fullnaðarákvörðun nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því
- Stuðlar að **hagræðingu, skilvirkni** og **hraðari málsmeðferð**
- Valdframsal þarf að vera skýrt í samþykkt sveitarstjórnar
- Sama á við um valdframsal til embættis-manna, s.s. varðandi útgáfu leyfa, beitingu valdheimilda við framkvæmd eftirlits o.s.frv.
  - Tíðkast meira í fjölmennari sveitarfélögum

# Fundarstjórn, 19. gr.

- Oddviti eða nefndarformaður stýrir fundi
- Fundarsköp - í samþykktum eða almenn
  - Flest sveitarfélög hafa sett ítarlegar reglur í samþykktir sínar um fundarsköp, á grundvelli leiðbeininga frá innanríkisráðuneytinu
  - Skýrar reglur til að fara eftir, takmarka hættu á misbeitingu
  - Ákvæði um fjarfundi skv. 3. mgr. 17. gr. þurfa að koma fram í samþykkt
- Oddviti/nefndarformaður úrskurðar um skilning á fundarsköpum, t.d.:
  - Tilhögun atkvæðagreiðslu, lengd bókana, ræðutími o.fl.
  - Úrskurði má skjóta til úrlausnar sveitarstjórnar eða nefndar

# Ritun og afgreiðsla fundargerða

- Fundargerðir þurfa að vera skýrar um hvaða mál er tekið fyrir, hver er niðurstaða máls og afstöðu einstakra nefndar-/sveitarstjórnarmanna til þess.
  - Voru allir viðstaddir eða vék e-r sæti?
- Fundargerðir nefnda eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða staðfestingar einstakra ákvarðana-sveitarstjórn tekur afstöðu til þeirra liða sem þarf að staðfesta en ekki fundargerðar í heild - (úrsk. ÚSB mál nr. 37/2009 og leiðbeiningar sambandsins)
- Sjá „Upplýsingar til nýrra sveitarstjórna“ á heimasíðu sambandsins

# Efni fundargerða

- Dagur - upphafstími - staður
- Nöfn viðstaddra
- Mál sem tekin eru fyrir á fundinum
  - Tiltaka sendanda - dagsetningu - megininntak
- Skrá ef menn víkja sæti vegna vanhæfis
- Niðurstaða máls
  - Atkvæðagreiðsla - bókanir
- Lokatími fundar
- Undirritun fundargerðar
- Sömu reglur gilda um ritun fundargerða nefnda

# Afgreiðsla fundargerða

Fundargerðir nefnda eru lagðar fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð

- Mikilvægur þáttur í eftirlitshlutverki sveitarstjórna, rekjanleiki ákvarðana
- Lagðar fram til kynningar eða staðfestingar einstakra ákvarðana

Sveitarstjórn tekur afstöðu til þeirra liða sem þarf að staðfesta en ekki til fundargerðar í heild - (úrsk. ÚSB 2009)

- Krafa um skýrleika stjórnsýsluákvörðunar
- Einnig spurning um valdbærni. Sveitarstjórn staðfestir t.d. ekki ákvörðun ef nefnd hefur fullnaðarákvörðunarvald í málinu

# Afgreiðsla á tillögum nefnda

Tilgreina á sem skýrastan hátt í dagskrá hvaða liðir í fundargerðum þurfi afgreiðslu sveitarstjórnar. Þetta má gera með því annað hvort að:

- Tilgreina slík mál sem sérstaka liði í dagskrá sveitarstjórnarfundar eða;
- Setja viðkomandi fundargerð á dagskrá í heild en tilgreina jafnframt í fundarboði hvaða liðir í fundargerðinni þarfnist staðfestingar sveitarstjórnar
- Að öðru leyti er fundargerðin þá lögð fram til kynningar

# Afgreiðslumál – dæmi um fundargerð

3. 1101012 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar

- Lögð var fram fundargerð 15. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 1. september 2011. Oddviti gaf skipulags- og byggingarfulltrúa orðið og gerði hann grein fyrir fundargerðinni og þeim liðum hennar sem sveitarstjórn þarf að staðfesta. Þeir eru:

    3.1. 1008003 - Deiliskipulag Rauðuskriðna

    Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að deiliskipulagstillaga Verkfræðistof-unnar Hlíðarenda ehf., dags. 6. júlí 2011, fyrir Rauðuskriður verði auglýst til athugasemda, skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 .

    Samþykkt var með 5 atkvæðum HH, HjH, SN, BS og KS gegn 2 atkvæðum MV og RS að auglýsa framangreinda deiliskipulagstillögu.

    3.2. 1105021 - Gjaldskrá skipulags- og byggingarmála

    Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að allir liðir gjaldskrár skipulags- og byggingarmála í sveitarfélaginu vegna leyfisveitinga, umsýslu og þjónustu verði hækkaðir um 5%, sbr. drög að nýrri gjaldskrá sem lögð var fram á fundinum.

    Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

- Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.



# Fjármál sveitarfélaga

Lagaumhverfi
Fjármálastjórn
Ársreikningar

Sigurður Á. Snævarr





# Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar

- Sveitarstjórn ein getur tekið ákvörðun um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins
- Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og ber að tryggja að ákvæðum sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga sé fylgt
- Lög og reglur takmarka fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

# Lagaumhverfi fjármála sveitarfélaga

- Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. VII. kafli
  - Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015
  - Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012
- Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

# Ábyrg fjármálastjórn

- Sveitarfélög mega:
  - Varðveita fjármuni á innlánsreikningum og ríkistryggðum bréfum.
  - Veita einfalda lánaábyrgð vegna eigin stofnana/fyrirtækja sem sinna lögákveðnum verkefnum
  - Ekki fjárfesta í hagnaðarskyni
  - Ekki verja til fjárfestingar hærri fjárhæð en nemur 20% af skatttekjum nema að undangengnu mati sérfróðra aðila.
  - Ekki veðsetja öðrum tekjur sínar. Undantekning: Lánasjóður sveitarfélaga.
  - Ekki ganga í ábyrgðir vegna annarra skuldbindinga.

# Starfsemi sveitarfélags er skipt í tvennt

- A-hluti
  - Sveitarsjóður sem fjármagnaður er með skatttekjum að mestu eða öllu leyti
  - A-hluti: Aðalsjóður og eignasjóður, aðrir sjóðir sem sinna starfsemi sem fjármögnuð er með skatttekjum að miklu leyti.
- B-hluti
  - Stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki þess og aðrar rekstrareiningar sem fjármagnaðar eru að mestu eða öllu leyti með þjónustutekjum
  - Í B-hluta eru t.d. veitur, hafnir, hjúkrunarheimili, félagslegt húsnæði o.fl.

# Fjármálareglur sveitarfélaga
# **Jafnvægisreglan**

- Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A-og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
  - => Samtala rekstrarafgangs fyrra árs, núverandi og næsta árs má ekki vera neikvæð.

# Fjármálareglur sveitarfélaga
# **Skuldareglan**

- Skuldahlutfall: Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum
- Skuldareglan: skuldahlutfall ekki hærri en 150% af tekjum
- Skuldaviðmið: skuldahlutfall að teknu tillit til ákveðinna þátta:
  - frá skuldum eru dregnir veltufjármunir
  - frá skuldum og tekjum dragast skuldir og tekjur orku- og veitufyrirtækja að ákveðnum skilyrðum uppfylltum
  - hluti lífeyrisskuldbindinga
  - leiguskuldbindingar frá ríkissjóði
  - eftirstöðvar fyrirframgreiðslna vegna framlaga sveitarfélags í tengslum við uppgjör A-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

# Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS)

- Fylgist með fjármálum sveitarfélaga
- Hefur eftirlit með að fjármál sveitarfélags sé í samræmi við lög og reglur
- Leggur heildarmat á fjárhagslega stöðu
  - Birtir grunnupplýsingar um fjárhag sveitarfélaga
  - Sendir fyrirspurnir um skýringar eða gögn
  - Sendir ábendingar eða tilmæli
  - Getur látið fara fram rannsókn á fjárreiðum eða rekstri
  - Birt tilkynningu um stöðu sveitarfélags eða einstakar ákvarðanir
  - Getur vísað málum einstakra sveitarfélaga til ráðherra

# Ef illa fer........

- Ef sveitarstjórn telur sveitarfélagið ekki geta staðið í skilum skal hún tilkynna það til EFS.
- Sveitarstjórn getur gert samkomulag við ráðherra um rekstur, fjárfestingu og álagningu gjalda
- Ráðherra getur gripið til úrræða ef samkomulag nægir ekki
- Þegar allt um þrýtur getur ráðherra svipt sveitarstjórn fjárráðum sveitarfélags og skipað fjárhaldstjórn. Dæmi Álftanes.



# Fjármál sveitarfélaga

Lagaumhverfi
Fjármálastjórn
Ársreikningar

Sigurður Á. Snævarr





# Fjármálastjórn sveitarfélaga

- Markviss stjórnun fjármála er forsenda fyrir:
  - Sjálfbærni fjármála sveitarfélags til lengri tíma
  - Að sveitarfélag geti sinnt lögbundnum verkefnum
  - Að sveitarfélag geti uppfyllt lagaákvæði og reglur

# Ferill fjármálastjórnunar



# Tekjustofnar sveitarfélaga; útsvar

- Álagningarhlutfall ákveðið með lögum
  - Lágmark 12,44%
  - Hámark 14,52%
- Útsvar leggst eingöngu á tekjur einstaklinga af atvinnu, lífeyri og bótum. Álagningarstofn er hinn sami og tekjuskattur ríkisins
- Sveitarfélag þarf að taka ákvörðun um álagningar-hlutfall næsta árs fyrir 1. desember árið áður
- Árið 2018 leggja 56 sveitarfélög á hámarksútsvar og þrjú lágmarksútsvar. Meðalútsvar er 14,44%
- 0,77% stig renna til jöfnunarsjóðs vegna grunnskóla og 0,99% stig vegna málefna fatlaðs fólks.
- Hámark án hlutar JS 12,76% og lágmark 10,68%.

# Tekjustofnar: Fasteignaskattur

- Þjóðskrá metur fasteignir til fasteignamats m.v. verðmæti í febrúar og nýtt mat tekur gildi árið eftir.
  - A-skattur: Allt að 0,5% af mati íbúða, lóðaréttinda, bújarða, útihúsa og sumarhúsa
  - B skattur: Skal vera 1,32% af mati sjúkrastofnana, skóla, heimavista, leikskóla, bókasafna og íþróttahúsa
  - C skattur: Allt að 1,32% af mati atvinnuhúsnæðis s.s. iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, mannvirkjum fyrir fiskeldi og ferðaþjónustu
- Heimild til 25% hækkunar álagningar A og C skatts
- Undanþágur: kirkjur og bænahús annarra trú/lífskoðunarfélaga, safnahús, hús erlendra ríkja og alþjóðastofnana.
- Lækka eða fella má niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

# Jöfnunarsjóður: Yfirlit

2,12% af sköttum ríkissjóðs

0,264% af útsvarsstofni næstliðins árs

**Bundin framlög**
- Innheimtustofnun sveitarfélaga
- Samband íslenskra sveitarfélaga

**Sérstök framlög**
- Vegna sameiningar sveitarfélaga
- Vegna fjárhagserfðileika
- Vegna fasteignaskatta

**Jöfnunarframlög**
- Tekjujöfnunarframlag
- Útgjaldajöfnunarframlag

0,77%stig af útsvarsstofni → **Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla**

0,99%stig af útsvarsstofni → **Jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks**

# Jöfnunarsjóður sveitarfélaga frh.

## Málefni fatlaðs fólks

- 1,24% af álagningarhlutfalli útsvars (0,99% og 0,25%)
- 16 þjónustusvæði
- Framlag greitt til sveitarfélaga, byggðasamlaga og annarra sem fara með málefni fatlaðs fólks
- Framlag greitt í vaxandi mæli með hliðsjón af niðurstöðum stuðningsmats (SIS)
- Sérstakur fasteignasjóður innan JS
  - Jafnar aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk

# Þjónustugjöld

- Sorpgjald, sorpeyðingargjald, holræsagjald, vatnsgjald, leikskólagjöld, leyfisgjöld o.fl.
- Þjónustugjald er ekki skattur
  - Þjónustugjöld mega ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við að veita umrædda þjónustu
  - Öðru gegnir um skatta. Skattar lagðir á til að afla tekna. Skattgreiðsla veitir ekki rétt til þjónustu.

# Tekjur A-hluta sveitarfélaga 2017



# Kostnaðarskipting A-hluta sveitarfélaga 2017



# Málaflokkar sveitarfélaga

- Félagsþjónusta
  - Fjárhagsaðstoð
  - Húsaleigubætur
  - Málefni fatlaðs fólks
  - Málefni aldraðs fólks
  - Félagsleg aðstoð
- Heilbrigðismál
- Fræðslu- og uppeldismál
  - Leikskólar
  - Grunnskólar
  - Tónlistarskólar
- Menningarmál
  - Bókasöfn, listir, menningarhús
- Æskulýðs- og íþróttamál
  - Æskulýðsmál
  - Félagsmiðstöðvar
  - Íþróttamannvirki
- Brunamál og almannavarnir
  - Slökkvilið
  - Almannavarnir
- Hreinlætismál
  - Sorphirðing og sorpeyðing
  - Meindýravarnir
- Skipulags- og byggingamál
  - Mælingar, skipulagsmál og lóðir og lendur
- Umferðar- og samgöngumál
  - Viðhald gatnakerfis, stígar og reiðvegir, snjómokstur og umferðaröryggismál
- Umhverfismál
  - Opin svæði, almenningsgarðar, umhverfismál og minka- og refaeyðing
- Atvinnumál
  - Landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður og ferðaþjónusta
- Sameiginlegur kostnaður

# Útgjöld A-hluta eftir málaflokkum



# Vefur sambandsins er upplýsinganáma

- Margvíslegar upplýsingar um fjármál sveitarfélaga á www.samband.is

http://www.samband.is/verkefnin/rekstur-sveitarfelaga/talnaefni/



# Fjármál sveitarfélaga

Lagaumhverfi
Fjármálastjórn
Ársreikningar

Sigurður Á. Snævarr





# Ársreikningar sveitarfélaga

- Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess
- Gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. M.ö.o. A+B hluti.
- Í ársreikningi skal koma fram samanburður við
  - ársreikning undanfarins árs
  - upphaflega fjárhagsáætlun ársins
  - fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum

# Ársreikningar sveitarfélaga

- Ársreikningur skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð.
- Ársreikningur skal tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.
- Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

# Ársreikningur sveitarfélaga



# Mikilvægar kennitölur

- Veltufé frá rekstri
  - Það er eftir stendur þegar búið er að borga alla reikninga
- Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum
  - Landsmeðaltal A-hluta 10,5% árið 2017, A&B
- Veltufé frá rekstri deilt upp í langtímalán
  - Gefur til kynna hve það tekur mörg ár að greiða niður langtímalán. Landsmeðaltal 5 ár 2017, A&B 5,5 ár.
- Veltufjármunir deilt með skammtímaskuldum
  - Þarf að vera hærri en 1. landsmeðaltal 1,17 og 1,05.
- Skuldahlutfall
  - Skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum. Landsmeðaltal 103% árið 2017, A&B 144%

# Viðmið EFS um skuldir og veltufé





# Stjórntæki sveitarstjórnar

Stefnumótun

Fjárhagsáætlun

Kjarasamningar og mannauðsstefna

Árangursstjórnun, nýsköpun og upplýsingatæknin

Svanfríður Jónasdóttir





# Af hverju stefnumótun?

- Til að búa sig undir breytingar í umhverfinu sem verða sífellt hraðari og meiri
- Til að hafa stjórn á framtíðarþróun sveitarfélagsins
- Til að verjast ógnunum og nýta tækifærin í umhverfinu
- Til að vinna á veikleikum og hagnýta betur styrkleika

# Greina þarf áhrif afgerandi breytingaþátta

- Atvinnu- og efnahagshorfur, bæði í sveitarfélaginu, á landsvísu og í heiminum
- Breytingar á aldurssamsetningu íbúa og starfsfólks
- Innflytjendur
- Breytingar á þjónustuþörfum íbúa
- Væntingar hagsmunahópa
- Tækniþróun
- Áhrif lagasetningar ríkisins og ESB

# Lögbundin stefnumótun

- Húsnæðisáætlanir
- Skipulagsáætlanir
- Strandsvæðaskipulag



# Stjórntæki sveitarstjórnar

Stefnumótun

Fjárhagsáætlun

Kjarasamningar og mannauðsstefna

Árangursstjórnun, nýsköpun og upplýsingatæknin

Sigurður Á. Snævarr





# Fjárhagsáætlun er stjórntækni

- Með fjárhagsáætlun eru ákvarðanir sveitarstjórnar samræmdar og þeim forgangsraðað.
- Fjárhagsáætlun sýnir hvernig pólitískum markmiðum sem sveitarstjórn hefur sett sér verður náð.
- Fjárhagsáætlun er sett fram með sama hætti og ársreikningur og þannig hægt að bera saman áætlun og reynd.
- Samhliða fjárhagsáætlun vinna mörg sveitarfélög einnig starfsáætlun og þessar áætlanir kallast á.

# Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga

Fjárhagsáætlun skal tryggja að tekjum sveitarfélagsins sé ráðstafað í samræmi við stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar:

- Hve miklum fjármunum er ráðstafað til einstakra verkefna?
- Hvaða skilyrði eða fyrirvarar eru tengdir einstaka verkefnum?
- Hvaða sveigjanleiki er fyrir hendi hjá einstökum stofnunum sveitarfélagsins til ráðstöfunar fjármuna?

# Bindandi til eins árs og fjárhagsrammi til þriggja  ára þar á eftir

- Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem felur í sér bindandi fjárheimildir.
- Áætlun til næstu þriggja ára á eftir er í raun stefnumarkandi fjárhagsrammi.
- Fjögurra ára áætlun í heild fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál þess á tímabilinu, bæði A- og B-hluta.
- Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun fyrir komandi ár nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.

# Viðauki

- Viðauka þarf að gera vegna útgjalda sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, gjöldum, fjárfestingu eða skuldbindingum í gildandi fjárhagsáætlun.
- Til dæmis: ákvörðun um breytingu á stöðugildum starfsmanna, aukinn launakostnað, aukna fjárfestingu eða tilfærslur á milli liða í fjárhagsáætlun.
- Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.
- Í viðauka vegna útgjaldaauka skal koma fram hvernig honum skuli mætt.
- Dæmi: Uppgjör við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga.

# Forsendur fjárhagsáætlana

- Ytri forsendur s.s.
  - Verðlagsþróun
  - Kjarasamningar
  - Vaxtaþróun
- Innri forsendur s.s.
  - Breytingar á íbúafjölda og samsetningu íbúanna
  - Breytingar á tekjum einstaklinga og fyrirtækja
  - Fjöldi gjaldenda til sveitarfélagsins og þróun meðaltekna
  - Þjónustuþörf
  - Aldursskipting íbúa
  - Atvinnustig

# Verklag fjárhagsáætlunargerðar og tímasetning

- Skýr verkaskipting þarf að vera milli stjórnmálamanna og stjórnsýslu
- Skýrt þarf að vera hver leiðir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar bæði innan stjórnsýslunnar og á hinu pólitíska sviði
- Almenn skoðanaskipti milli stjórnmálamanna, borgaranna, forstöðumanna stofnana og nefndamanna
- Tillaga að fjárhagsáætlun skal lögð fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember
- Fjárhagsáætlun skal afgreidd eigi síðar en 15. desember að afloknum tveimur umræðum

# Eftirlit með framkvæmd

- Hvernig er ábyrgð á daglegum rekstri skilgreind?
- Hver eru almenn rekstrarmarkmið?
- Hverjar eru kröfur um reglubundnar skýrslur og greiningu á frávikum?
- Hvernig eru tímasetningar á reglubundnum yfirlitum og hver ber ábyrgð á þeim?
- Hvert er hlutverk kjörinna fulltrúa í eftirliti með framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar? Hvernig fer það fram og hve oft?
- Hver eru viðbrögð og vinnuferli ef aðgerða virðist þörf?
- Rekstrarvitund og/eða tilgreindir árangursmælikvarðar?
- Er farið yfir hvernig til tókst í ferlinu frá upphafi til enda og lagt mat á hvað þurfi að lagfæringar við fyrir næsta ár?



# Stjórntæki sveitarstjórnar

Stefnumótun

Fjárhagsáætlun

Kjarasamningar og mannauðsstefna

Árangursstjórnun, nýsköpun og upplýsingatæknin

Sigurður Á. Snævarr





# Vinnuveitendahlutverk
## Mikilvægi mannauðsstefnu

- Starfsmanna – eða mannauðsstefna sveitarfélags endurspeglar áherslur sveitarstjórnar í starfsmannamálum
- Metnaðarfull mannauðsstefna
  - mótar starfsumhverfi og aðstæður sem stuðla að ánægju og vellíðan starfsfólks
  - eykur árangur í starfi
  - stuðlar að jafnræði meðal starfsmanna
  - laðar að hæft starfsfólk
  - er mikilvæg forsenda fyrir gæðaþjónustu við íbúa.

# Vinnuveitendahlutverk sveitarstjórnarmanna

Fulltrúar í sveitarstjórn gegna ákveðnu vinnuveitendahlutverki.

EN

- Þeir hafa ekki mannaforráð.
- Þeir ráða ekki yfir stjórnsýslu sveitarfélagsins með beinum hætti.

SAMT

- Bera mikla ábyrgð m.a. á kjarasamningum og að sveitarfélagið fari að lögum sem vinnuveitandi.

# Íslenskur vinnumarkaður

- Opinber 25%
  - Sveitarfélög 13%
  - Ríki 12%
- Hálf opinber 8%
- Almennur 67%



# Umboð til kjarasamningagerðar

- Samningsumboð sveitarfélags liggur hjá sveitarstjórn
- Almennt fela sveitarstjórnir sambandinu fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar
- Umboð sambandsins frá Reykjavík takmarkast við kennarafélögin og slökkviliðsmenn
- Sambandið fer nú með 905 fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar við 63 stéttarfélög
- Samtals eru kjarasamningarnir 43

# Sagan

## fyrirsvar kjarasamninga hjá  Sambandi íslenskra sveitarfélaga

- Frá 1982 til 2010 fór Launanefnd sveitarfélaga með fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar f.h. þeirra sveitarfélaga sem fólu henni umboð til þess
- Samkvæmt samþykkt landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010 var launanefndin lögð niður og stjórn sambandsins tók við hlutverki nefndarinnar
- Kjarasviði sambandsins var jafnframt falið að hafa yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sambandsins

# Hvaða hag hafa sveitarfélög af samstöðu um kjarasamningagerð?

- Stéttarfélögin tefla fram öflugu sérfræðingaliði í kjaraviðræðum og í hagsmunagæslu sinna umbjóðenda
- Stéttarfélögin koma í ríkara mæli að samningaborðinu sameinuð í bandalögum og semja á landsvísu
- Forsenda þess að viðunandi árangur náist í kjaraviðræðum er sérfræðiþekking og mikill faglegur undirbúningur
- Sveitarfélögin verða að geta mætt viðsemjendum við samningaborðið með öfluga samninganefnd
- Samskipti aðila vinnumarkaðarins hafa aukist mikið síðustu ár og mikilvægt er að sveitarfélögin hafi sterka rödd á þeim vettvangi

# Meginmarkmið - kjaramál

- Að samræma ákvæði kjarasamninga
- Að þróa starfsmatið
- Að sambærileg og jafnverðmæt störf beri sömu laun óháð kynferði, litarhætti, búsetu, stéttarfélagsaðild eða vinnumarkaði.
- Að kjarasamningar styðji við skilvirka starfsemi sveitarfélaga
- Að standa vörð um samkeppnishæfni sveitarfélaga á vinnumarkaði
- Að stuðla að fjölskylduvænum starfsskilyrðum
- Að auka hvata til sí- og endurmenntunar í kjarasamningum
- Að efla kjararannsóknir
- Að taka virkan þátt í samstarfi aðila vinnumarkaðarins

# Hagmunagæsla Sambands íslenskra sveitarfélaga - kjaramál

- Veitir sveitarfélögum faglega ráðgjöf, um vinnumarkaðsmál
- Annast kjaraviðræður og kjarasamningagerð
- Annast kjararannsóknir
- Vinnur að öruggri framkvæmd og þróun starfsmats sveitarfélaganna
- Tekur beinan þátt í starfshópum er varða málefni og þróun vinnumarkaðarins

# Ferli ágreiningsmála

## Samskipti við stéttarfélög

- Á gildistíma kjarasamninga ríkir friðarskylda
- Samstarfsnefndir samningsaðila , sem eru 43 að tölu, eru vettvangur til að leysa ágreiningsmál er koma upp vegna framkvæmdar og mismunandi túlkunar á ákvæðum kjarasamninga
- Úrskurðir samstarfsnefnda sem bókaðir eru í fundargerðir nefndanna hafa kjarasamningsígildi

  http://www.samband.is/verkefnin/kjara--og-starfsmannamal/samstarfsnefndir/
- Bæði sveitarfélög og stéttarfélög geta vísað ágreiningsmálum til samstarfsnefnda

# Vinnudeilur

Þegar stéttarfélög fá ekki það sem þau vilja við samningaborðið þá er gjarnan „hjólað í pólitíkina“

Þá er gott að muna að:

- Fullnaðarumboðið er hjá sambandinu og afskipti af kjarasamningsgerð sem umboðið nær til, er oheimil án milligöngu sambandsins
- Gerist það samt getur sambandið, án bóta, skilað sveitarfélaginu öllum samningsumboðum og hætt þjónustu við það á sviði kjaramála
- Í lögum og kjarasamningum eru ferli til sáttamiðlunar og úrlausnar ágreiningsefna milli aðila kjarasamninga ákvörðuð og umsamin
- Á kjarasviði sambandsins eru sérfræðingar með þekkingu og reynslu til að leysa úr slíkum málum

# Starfsmat

- Samræmt mat og meðferð ólíkra starfa óháð kyni, vinnustað eða starfsstétt
- Forsendur launaröðunar hlutlægar og sýnilegar
- Jafnar laun fyrir fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf
- Gegnsætt og öllum aðgengilegt sem og starfsmatsniðurstöður
- Fulltrúar aðila sem standa að starfsmatinu taka endanlegar ákvarðanir um röðun starfa til stiga á grundvelli mats Verkefnastofu starfsmats (starfsmat.is)
- **Starfsmatið nýtist vel sem grunnur við upptöku á lögbundinni jafnlaunavottun sem vinnuveitendum er skylt að innleiða á næstu árum**

# Samvinna í kjaramálum

- Til að kjarasvið sambandsins nái árangri og geti haldið hagsmunum sveitarfélaga á lofti í kjaramálum þurfa sérfræðingar sviðsins að vera í miklu og góðu sambandi við forystumenn sveitarfélaga og greina þarfir sveitarfélaga
- Nauðsynlegur grunnur að undirbúningi kjaraviðræðna er að launaupplýsingar liggi fyrir frá öllum sveitarfélögum. Launaupplýsingar eru grunnur að kostnaðarmati kjarasamninga.





# Stjórntæki sveitarstjórnar

Stefnumótun

Fjárhagsáætlun

Kjarasamningar og mannauðsstefna

Árangursstjórnun, nýsköpun og upplýsingatækni

Svanfríður Jónasdóttir





# Stjórnunarkerfið



# Þrír lykilþættir

- Hinn endanlegi árangur, hverju viljum við ná fram?
- Peningar eru bara verkfæri til að ná markmiðum um endanlegan árangur.
- Samráð á öllum stjórnunarstigum og við alla sem koma að málum.

# Hvernig mælum við svo árangur?

- Fjármálin, markmið og árangur mældur á hlutlægan hátt
- Gæði þjónustunnar, markmið og bæði mæld á hlutlægan og huglægan hátt (viðhorf notenda).
- Gæði stjórnsýslunnar, bæði mæld á hlutlægan og huglægan hátt (viðhorf notenda og starfsmanna).
- Samfélagsleg gæði, bæði mæld á hlutlægan og huglægan hátt (viðhorf íbúa). Snýst ekki alltaf um meiri fjármuni heldur hvernig við nýtum þá.

# Nýsköpun í opinberum rekstri aldrei verið mikilvægari

- Til að geta staðið undir þyngri velferðarþjónustu m.a. vegna öldrunar íbúa
- Til að bregðast við auknum kröfum íbúa um þjónustu sem er sniðin að þörfum þeirra
- Tækifæri í samstarfi við notendur um hönnun á nýjum þjónustulausnum
- Líka í því að virkja félagsauðinn til að styðja við þjónustu sveitarfélagsins

# Nýsköpun frh.

- Hin pólitíska forysta þarf að hvetja til og styðja við nýsköpun í starfsemi sveitarfélaga
- Nýsköpun á ekki að snúast bara um einstök verkefni heldur að skapa nýsköpunaranda í starfseminni
- Mikilvægt að læra af öðrum, það er engin með einkaleyfi á nýjum lausnum í opinberri þjónustu

# Rafræn stjórnsýsla og -þjónusta

- Fjárfesting í upphafi sem skilar margföldum ávinningi til lengri tíma litið
- Tækifæri í stefnumótun og auknu samstarfi sveitarfélaga um sameiginlegar lausnir og rekstur
- Sameiginleg stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016 kvað á um ýmsar aðgerðir varðandi tæknilega umgjörð og fræðslu sem nýttist bæði ríkisstofnunum og sveitarfélögum
- Ný stefnumótun í undirbúningi á nýjum grunni laga um opinber fjármál fyrir málefnasvið 6 – hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál
- Ýmsar almennar leiðbeiningar og stuðningsgögn á www.ut.is

# Stafrænu tækifærin eru augljós!

(tafla úr grænbók um málefnasvið 6)





# Málsmeðferð

Vígdís Ósk Häsler Sveinsdóttir





# Stjórnvaldshlutverkið og lagaleg ábyrgð

Yfirlit þessa hluta:

1. Staða sveitarfélaga sem stjórnvalda - sjálfstjórnarrétturinn
2. Forsendur ábyrgðar:
   - Þekking á leikreglum
   - Forræði á fjárhagsmálefnum
   - Sjálfstæði gagnvart íhlutun
   - Samvinna um verkefni
3. Stjórnvaldsákvarðanir
4. Stjórnsýslureglur - form og efni



# Staða sveitarfélaga sem stjórnvalda

Stjórnarskráin leggur grunn að stöðu sveitarfélaga

Byggist annars vegar á þrískiptingu ríkisvaldsins:

■ 2. gr.

□ Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

■ 78. gr.

□ [Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

□ Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.] [1)]

[1)] *L. 97/1995, 16. gr.*

# Þrískipting ríkisvaldsins



# Þekking er hornsteinn

- Sveitarstjórnir eru ábyrgar gagnvart kjósendum og almenningsáliti
  → Siðareglum er ætlað að styrkja þessa ábyrgð
- Sveitarstjórnir geta einnig sætt ábyrgð lögum samkvæmt
  - Í almennri umræðu nægir stundum að segja: „Við vissum ekki betur"

  … en það gildir ekki þegar lagaleg ábyrgð á í hlut
- Oft er mikil áskorun að afla þekkingar um leikreglur laga og réttar:
  - Flækjustig verklegra framkvæmda og fjármögnun
  - Sala eigna, opinber innkaup og ráðstöfun takmarkaðra gæða
  - Persónuverndarreglur, sbr. efni á vef sambandsins
  - Mat á ólíkum hagsmunum

# Sjálfstjórnarrétturinn í framkvæmd

Meginreglur 3. gr. svstjl. eiga, ásamt öðrum ákvæðum, að tryggja:

- ✓ Sjálfstæði sveitarfélaga sem staðbundinna stjórnvalda
- ✓ Sjálfstæða tekjustofna og forræði á gjaldskrám fyrir veitta þjónustu
- ✓ Að sveitarfélög geti sjálf borið ábyrgð á framkvæmd verkefna
- ✓ Að sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um starfrækslu verkefna
- ✓ Að afskipti annarra stjórnvalda af málefnum sveitarfélaga séu réttmæt

Sambandið telur æskilegt að treysta stöðu sveitarstjórnarstigsins við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

# Hvað þýðir að stjórnvald sé „staðbundið“?

- Skapar umtalsvert svigrúm til þess að mæta ólíkum aðstæðum:
  - ✓ Landfræðilegum þáttum (vegalengdir o.fl.)
  - ✓ Atvinnuháttum og búsetusvæðum (byggðastefna)
  - ✓ Lýðfræðilegri þróun
- Hvert sveitarfélag hefur eigin samþykkt um fyrirkomulag stjórnsýslu
- Úr Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga:

5. Þegar ríkis- eða héraðsstjórn felur sveitarstjórnum vald skal, eftir því sem unnt er, veita þeim svigrúm til að aðlaga framkvæmd þess aðstæðum í sveitarfélaginu.

6. gr. – Viðeigandi stjórnkerfi og fjárráð sveitarstjórna vegna verkefna þeirra

1. Sveitarstjórnir verða að geta ákveðið eigið stjórnkerfi til þess að aðlaga það staðbundnum þörfum og tryggja árangursríka stjórnun, enda brjóti það ekki á bága við almennari ákvæði í lögum.

# Forræði á fjárhagsmálefnum

- Sjálfstæðir tekjustofnar eru forsenda fyrir því að sveitarfélög njóti í reynd þeirrar stöðu sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir
- Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995
  - Skatttekjur
  - Þjónustugjöld
  - Tekjur af fasteignum
  - Tekjur af rekstri og fjármagnstekjur
- Skattar
  - Svigrúm til ákvörðunar skatthlutfals
  - Heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða, sjá álit SRN mál nr. 18040042
    - Sveitarstjórn skylt að setja reglur
    - Jafnræði varðandi undanþágu- og lækkunarheimildir

# Takmarkanir á gjaldtökuheimildum

- Þjónustugjöld - Lagaheimild nauðsynleg nema um sé að ræða valkvætt verkefni
- Fjárhæð þjónustugjalda
  - Í samræmi við þann kostnað sem almennt hlýst af því að veita þjónustuna
  - Skilyrði er að þjónustan sé veitt, t.d. að sorp sé hirt eða fasteign sé tengd vatnsveitu
  - Ákvörðun fjárhæðar verða yfirleitt að byggja á traustum útreikningi – þó heimilt að byggja á skynsamlegri áætlun
- Tekjuafgangi ber að verja til sömu þjónustu og þá lækka umkrafið gjald fyrir næsta tímabil á eftir, sjá álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1041/1994 (hundahald)
- Sérstaka lagaheimild þarf ef leyfa á niðurgreiðslur fyrir ákveðinn notendahóp

# Stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga

- Stjórnvaldsákvörðun:

  *Þegar aðili á sveitarstjórnarstigi - starfandi sem stjórnvald á grundvelli laga - kveður einhliða á um rétt eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu stjórnsýslumáli*

- Stjórnsýslulögin taka ekki til *þjónustustarfsemi*, þjónustustarfsemi byrjar oft með stjórnvaldsákvörðun
- Úrlausn vafatilvika, 14. gr. stjórnsýslulaga
  - Einfaldast að setja sig í spor málsaðilans og leyfa honum að njóta vafans og beita reglum stjórnsýslulaga
- Ekki rugla saman stjórnvaldsákvörðunum og stjórnsýslufyrirmælum
  - Fyrirmæli stjórnvalds sem beinast að óákveðnum fjölda manna

# Matskenndar ákvarðanir

- Matskenndar stjórnvaldsákvarðanir eru þær ákvarðanir þegar lög eða stjórnvaldsfyrirmæli ákvarða *ekki* að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo ákvörðun verði tekin
- Sveitarfélögin hafa allmikið svigrúm til þess að beita mati
  - → Helgast m.a. af staðbundnum aðstæðum á grundvelli sjálfstjórnaréttar
- Svigrúmið takmarkast hins vegar af **meginreglum um jafnræði, meðalhóf og að byggt sé á lögmætum sjónarmiðum**
- Efnislegar forsendur þurfa því oft að standast mjög ítarlega skoðun – stjórnvöld þurfa að „fylla í eyður"

# Samvinna um verkefni

- IX. kafli sveitarstjórnarlaga
  - Skapar vettvang fyrir samstarf sveitarfélaga
- Í grunninn þrír valkostir:
  a) Frjálsir samningar (92. gr.), m.a. um verkefni landshlutasamtaka (97. gr.)
  b) Leiðandi sveitarfélag (96. gr.)
  c) Byggðasamlag (94. - 95 .gr.)
- Ef málefni fela í sér réttindi eða skyldur (þ.e. stjórnvaldsákvarðanir)
  → Verður að vera leiðandi sveitarfélag eða byggðasamlag
  → Frjálsir samningar duga ekki
  → Frumkvæðisathugun stendur yfir á lögmæti samstarfssamninga.

# Frumkvæðismál ráðuneytis sveitarstjórnarmála skv. 112. gr. svstjl.

Horft er til eftirfarandi þátta:

i. Eru vísbendingar um að stjórnsýsla sveitarfélagsins hafi í málinu stangast á við lög eða önnur lögleg fyrirmæli?

ii. Hversu miklir eru þeir hagsmunir sem málið varðar, hvort sem er hagsmunir kvartanda eða almennir hagsmunir íbúa sveitarfélagsins?

iii. Hversu langt er um liðið frá því að atvik málsins áttu sér stað?

iv. Er kvartandi kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags?

v. Hversu mikil er réttaróvissa á því sviði sem málið varðar, er þörf á leiðbeiningu ráðuneytisins?

Sjá: Verklagsreglur um frumkvæðismál vegna stjórnsýslu sveitarfélaga

# Úrræði sveitarstjórnarráðuneytis

Ráðuneytið hefur lengi haft úrræði til viðbótar úrskurðum um kærur:

- Leiðbeiningar um lagatúlkun m.t.t. stjórnsýslu tiltekins sveitarfélags
- Álit um lögmæti athafna tiltekins sveitarfélags

Sveitarstjórnarlögin 2011 innleiddu frekari úrræði:

- ✓ Fyrirmæli í frumkvæðismálum skv. 112. gr.
- ✓ Ógildanleg ákvörðun felld úr gildi í heild eða að hluta (114. gr.)
- ✓ Frestun réttaráhrifa ákvörðunar á vinnslutíma máls (114. gr.)
- ✓ Ógilding samninga (115. gr.)
- ✓ Stöðvun greiðslna úr jöfnunarsjóði í kjölfar áminningar (116. gr.)
- ✓ Höfðun viðurkenningarmáls fyrir dómi (118. gr.)

# Stjórnsýslukærur - leiðbeiningarskylda

- *Leiðbeiningarskylda stjórnvalda*, III. kafli ssl.
  - Framsenda ber erindi á réttan stað
  - Leiðrétta ef aðili hefur misskilið réttarreglur
- Ef kæruleið er fyrir hendi þarf alltaf að leiðbeina aðilum um hana
  - Hver tekur við erindi (kæru)
  - Kærufrestur
- Ef ekki er leiðbeint um kæruleið:
  - Kærufrestur getur lengst mikið
  - Óvissu er viðhaldið um gildi ákvörðunar
- Ónógar eða rangar leiðbeiningar geta varðað bótaskyldu
- Stjórnvaldi ber að svara erindi borgaranna og leiðbeina, sjá árskýrslu umboðsmanns Alþingis 2017, bls. 18-19

# Úrskurðir um stjórnsýslukærur

- Almennt gildir um efnistök í úrskurðum:
  - Eingöngu kannað hvort farið hafi verið að lögum
  - Endurskoða ekki atriði sem lög fela sveitarfélögunum að meta
  - Ef kærð ákvörðun er ekki staðfest kveður niðurstaða yfirleitt á um að ákvörðun sé felld úr gildi
  - Úrskurðaraðili hefur ekki vald til að breyta ákvörðun, heldur er lagt fyrir sveitarstjórn að taka nýja ákvörðun í máli
- Heimvísun máls getur valdið miklum töfum á því
  - Þess vegna er skynsamlegt að afla lögfræðiráðgjafar í flóknum málum

# Úrræði annarra eftirlitsstofnana

- Stjórnvaldssektir Fjármálaeftirlitsins og Persónuverndar
- Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins um eignarhald
- Dagsektir, t.d. Umhverfisstofnun, Vinnueftirlit ríkisins
- Mikilvægt að sveitarstjórnir fari að lögum og forðist óþarfa málarekstur eða útgjöld
- Öllum erindum frá eftirlitsaðilum, t.d. Umhverfis-stofnun og Persónuvernd, ætti að svara strax.

# Stjórnsýslureglur

- Stjórnsýslureglur skiptast í form og efnisreglur
- Tilgangur stjórnsýslureglna er að tryggja að:
  - mál séu rannsökuð og upplýst
  - jafnræði sé viðhaft og að mál fái sambærilega meðferð
  - mál séu unnin eins hratt og kostur er
  - íþyngjandi ákvarðanir séu eins vægar og mögulegt er
  - niðurstaða ráðist ekki af ómálefnalegum sjónarmiðum
  - réttur aðili fjalli um mál og taki ákvörðun í því
  - gegnsæi ríki um mál sem varða almenning

# Rökstuðningur stjórnvaldsákvarðana

- Það er réttur aðila máls að fá stjórnvaldsákvörðun rökstudda, V. kafli ssl.
- Ef sveitarstjórn eða nefnd tekur ákvörðun er það einnig hennar, eða formanns fyrir hennar hönd, að veita rökstuðning fyrir ákvörðun
  - Ef rökstuðningur er ekki veittur strax er það formaður sem veitir hann eftir á fyrir hönd nefndar/sveitarstjórnar
  - Hafi skriflegur rökstuðningur ekki fylgt með ákvörðun getur aðili krafist þess að stjórnvöld rökstyðji ákvörðun sína
  - Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því ákvörðun var tilkynnt
- Undantekning frá rökstuðningi, 3. tölul. 21. gr. ssl. gilda um:
  - Ef umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti
  - Einkunnir
  - Styrkir á sviði lista, menningar og vísinda
- Um lágmarkskröfur rökstuðnings, 22. gr. ssl.

# Að starfa í stjórnsýslunni er stundum eins og að taka þátt í Útsvari …

| | |
|---|---|
| Hæfisreglur | Áminning starfsmanns |
| Gjaldtökuheimildir vegna þjónustu | Útboðsskyldar framkvæmdir |

# … og þá er gott að hafa vin á línunni



Guðjón Bragason
Sviðsstjóri
gudjon@samband.is



Vigdís Häsler
Lögmaður
vigdis@samband.is



Tryggvi Þórhallsson
Lögmaður
tryggvi@samband.is



Bryndís Gunnlaugsdóttir
Lögfræðingur
bryndis@samband.is



# Samskipti og samstarf

Meirihluti og minnihluti
Starfsmenn sveitarfélagsins
Milli sveitarfélaga
Íbúar og frjáls félagasamtök
Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar

Svanfríður Jónasdóttir





# Samskiptakort sveitarstjórnar



# Vinnan í sveitarstjórn

Árangursþættir:

- Gott samstarf innan sveitarstjórnar
- Nýta tíma sveitarstjórnarmanna sem best
- Skýr verkaskipting á milli kjörinna fulltrúa og embættismanna
- Nýta svigrúm til staðbundinna aðlagana

# Vinnan í sveitarstjórn

- Hver sveitarstjórn hefur sinn „stíl“ sem mótast af þeim einstaklingum sem sitja í sveitarstjórninni og stundum líka af hefðum
- Hvort er árangursríkara að standa fast á sínu eða leita málamiðlunar? Hvaða áhrif hefur hvor leiðin til lengri tíma litið?

# Til umræðu um samstarf innan sveitarstjórnar

- Hagur allra að traust ríki innan sveitarstjórnar. Hvernig er hægt að vinna að því?
- Mikilvægi þess að gæta jafnræðis milli meirihluta og minnihluta, til dæmis varðandi upplýsingagjöf og aðgang að upplýsingum

# Ólík hlutverk sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga

- Hlutverk sveitarstjórnarmannsins er að vera fulltrúi íbúanna og túlka óskir og kröfur þeirra og taka ákvarðanir sem því fylgja
- Hlutverk starfsmanns er að leggja faglegan grunn að ákvörðunartöku, þannig að sveitarstjórnarmaðurinn hafi fullnægjandi faglega innsýn í málið til að taka ákvörðun, og að sjá um framkvæmd hennar

# Tengsl sveitarstjórnarmanna við embættismannakerfi sveitarfélags

- Vegna réttar til aðgangs að upplýsingum
- Vegna réttar til að heimsækja stofnanir
- Ekki boðvald gagnvart starfsmönnum

# Samstarf milli sveitarfélaga

- Ávinningur og áskoranir
- Nýmæli í sveitarstjórnarlögum, 138/2011
- Úrræði til að bæta úr pólitískum, stjórnunarlegum og lýðræðislegum ágöllum

# Samstarf sveitarfélaga

## Samstarf yfirleitt valfrjálst

- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtök
  - Atvinnuþróunarfélög, símenntunarmiðstöðvar, sóknaráætlanir landshluta o.fl.
- Lánasjóður sveitarfélaga
- Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
- Samtök orkusveitarfélaga
- Samtök sjávarútvegssveitarfélaga
- Hafnasamband Íslands

# Samstarf við frjáls félagasamtök

- Ávinningur?
- Hvað ber að varast?

# Hvað vinnst með samráði við íbúa?

- Tryggir betri ákvörðunargrunn
- Hjálpar til að finna lausnir sem henta staðbundnum aðstæðum
- Skapar skilning hjá íbúum fyrir ákvörðunum og forgangsröðun sveitarstjórnar og auðveldar framkvæmd
- Handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa http://www.samband.is/verkefnin/lydraedis--og-mannrettindamal/handbok-um-ibuasamrad-og-thatttoku-ibua/

# Leiðarljós við samráð

- Samráð á forsendum íbúa
- Greina markhópa og nota mismunandi aðferðir til að ná til þeirra
- Áhrif ekki bara í orði heldur líka á borði
- Gefa skýr skilaboð um markmið samráðsins, hver ferillinn verður og hvaða vægi sjónarmið íbúa muni hafa
- Miðla upplýsingum um niðurstöður

# Leiðarljós við samráð

- Skapa jákvæðar aðstæður
- Að íbúar líti á sig sem ábyrga borgara sem bera hagsmuni heildarinnar fyrir brjósti en ekki sem einstaklinga og notendur
- Sem samherja en ekki andstæðinga
- Ávallt liggi fyrir að það er sveitarstjórnin sem hefur ákvörðunartökuhlutverkið með tilliti til mats á heildarhagsmunum

# Að nýta upplýsingatæknina til samskipta

- Heimasíða sveitarfélags
- Samfélagsmiðlarnir sem bjóða upp á spennandi tækifæri fyrir sveitarfélagið og kjörna fulltrúa sem einstaklinga
- Skilgreina þarf hvernig sveitarfélagið ætlar sér að nýta þessa miðla

# Samskipti við fjölmiðla og samfélagsmiðla

- Staðbundnir fjölmiðlar og fjölmiðlar á landsvísu
- Meta þarf hvaða miðill hentar best til að koma upplýsingum á framfæri
- Hvar sækir almenningur upplýsingar? Mismunandi eftir aldurshópum.
- Mikilvægt að vakta fjölmiðlaumræðu og leiðrétta strax rangfærslur
- Sama á við um umræðu á samfélagsmiðlum

# Heilræði vegna samskipta við fjölmiðla

- Hverju vil **ég** koma á framfæri?
- Reikna með erfiðum spurningum og undirbúa möguleg svör
- Undirbúa sig og æfa

# Umræða samskipti við fjölmiðla



# Ekki tekjutengt í Vestmannaeyjum

● Ráðuneytið hefur fullyrt annað

Andri Steinn Hilmarsson
ash@mbl.is



Vestmannaeyjabær hefur frá árinu 2012 fellt niður fasteignagjöld á ellilífeyrisþega, 70 ára og eldri ... í eigin húsnæði, ... kynningu sem ... arstjórnarráðun... sl. miðvikudag ... stjórnum sé óhei... af fasteignaskatti ...

Í tilkynningunni ... að Vestmannaey... tekjutengingu við ... eignagjalda eldri b... en það segir Ellið... arstjóri í V...

# Nýbúar útskýri skráningu

● Óvænt fjölgun í Árneshreppi til skoðunar hjá Þjóðskrá

Sunna Ósk Logadóttir
Sigurður Bogi Sævarsson

Þjóðskrá Íslands skoðar nú ástæður þess að sautján manns fluttu ... heimili sitt í Árneshrep... asta sveitarfélag... 24. apríl til ... veg...

tíma. Skýringin ... fólk hefur f... heimi...

Íslands. Næsti fundur hreppsnefndar hefur verið boðaður nk. ... dag.

Af þei... ...iðju...

# Fjárkúgun og falsanir – leynipeningarnir eiga sig sjálfir

Júlíus Vífill Ingvarsson svaraði spurningum Stundarinnar um fund hans þar sem var lýst hvernig forðast ætti skattgreiðslur og rætt um að koma fé til erfingja, sem hann hætti svo við. Hann lýsti því að peningarnir í sjóði hans á aflandssvæði ættu sig sjálfir. Héraðssaksóknari rannsakar Júlíus vegna gruns um skattsvik og peningaþvætti. Upptaka af fundinum er hluti rökstuðnings saksóknara fyrir d...

# Telur ólíklegt að hróflað verði við virkjuninni

● Ekki þó óhugsandi, segir Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps

Guðmundur Magnússon
gudmundur@mbl.is



Ólíklegt er að ný hreppsnefnd Árneshrepps, sem tekur til starfa eftir kosningar 26. maí, geri breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins og hindri þannig að fyrirhuguð Hvalárvirkjun, sem er umdeild meðal íbúanna, verði að veruleika. Þetta er mat Evu Sigurbjörnsdóttur, núver...

# Skora á borgaryfirvöld

● Harðorð ályktun kennara í Reykjavík



Jón Ingi Gíslason

„Ástandið er nú þegar mjög slæmt og ef menn gera ekkert þá verður það mjög alvarlegt. Okkur gremst að það er ekkert verið að gera,“ segir Jón Ingi Gíslason, formaður Kennarafélags Reykjavíkur.

Félagið sendi frá sér harðorða ályktun sem samþykkt var á stjórnarfundi í vikunni. Skorað er á skólayfirvöld í Reykjavík að bregðast nú þegar við alvarlegri stöðu kennara í grunnskólum borgarinnar.

„Kennaraskortur hefur aukist og veikindi til lengri sem skemmri tíma ...



Lokað verður á tengingu milli Herjólfsbrautar og Garðahraunsvegar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hjón kæra Garðabæ fyrir að loka vegi

DÓMSMÁL Hjón sem búa við Heiðvang í Hafnarfirði hafa kært Garðabæ vegna áforma um að loka vegtengingu á milli sveitarfélaganna.

Í bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála krefjast hjónin þess að deiliskipulag fyrir Garðahraun sem Garðabær samþykkti í haust verði fellt úr gildi hvað snertir lokun vegtengingar milli Herjólfsbrautar og Garðahrauns-vegar ... inu áður en hún var samþykkt. Segja þau breytinguna verulega íþyngjandi fyrir íbúa hverfisins.

„Ekki hafa verið færð nein rök fyrir að loka tengingunni,“ segir í kærunni. Vegur sem hafi verið lagður fyrir opinbert fé og notaður áratugum saman verði ekki lengur í boði fyrir verulegan hluta þeirra sem noti hann daglega.

„Þetta veldur því að umferð um hverfi með tilheyrandi afleiðingum,“ segja hjónin í kærunni og nefna lækkun fasteignaverðs á svæðinu sem dæmi um hugsanlega afleiðingu.

„Að mati kæranda er hér verið að opna á þróun sem getur ekki talist heppileg þar sem eitt sveitarfélag fer þá leið að loka vegtengingu við annað bæjarfélag án þess að þurfa að taka á nokkurn hátt tillit til hagsmuna íbúanna í hinu sveitarfélag...


Mótmæla nýju hverfi á Nónhæð
Formaður íbúasamtaka Nónhæðar segir íbúa andvíga fyrirhugaðri 140 íbúða byggð ● Grænt svæði fari undir byggð ● Umferð nærri leikskóla aukist mikið ● Ný borgarlína á að draga úr þörf fyrir bíla
Drög að deiliskipulagi á Nónhæð
FÉLAG UM BORGARLÍNU
Taki land eignarnámi
Kerfið gerir ekki ráð fyrir fötluðum foreldrum
Stjórnsýslan étur upp allt að þriðjung skatttekna
Fjögur af fámennustu sveitarfélögunum fá um og yfir helming tekna frá Jöfnunarsjóði
Loksins fáum við að segja frá
„HANN KÝLDI MIG Í BAKIÐ OG SÍÐAN Í MAGANN“
Lilja segir bílstjóra Ferðaþjónustu fatlaðra hafa ráðist á sig ■ Hyggst kæra málið til lögreglu